




Hjálparsveitin **DALBJÖRG**

Útg. og ábm.: Hjálparsveitin Dalbjörg – 1. tbl. 7 árg. Desember 2007

Gleðilegt ár!



FLUGELDAMARKAÐUR

DALBJARGAR HRAFNAGILSSKÓLA

GARMIN™

jólagjöfin
2007


01 · 10471



frá kr. 16.900,-



frá kr. 19.900,-



frá kr. 8.900,-



Viðurkenndir endursöluaðilar á Íslandi: Akureyri: *Brúin-Haftækni*. Blönduós: *Krákur*. Grundarfjörður: *Mareind*. Ísafjörður: *Bensínstöðin*. Reyðarfjörður: *Veiðiflugan*. Selfoss: *Østerby Sport*. Vestmannaeyjar: *Geisli*. Reykjavík: *Arctic Trucks*, *Elko*, *Everest*, *Hagkaup Smáralind*, *Hlað*, *Intersport*, *Lif & List*, *Max Raftæki*, *Motormax*, *R. Sigmundsson*, *RadíóRaf*, *Sjónvarpsmiðstöðin*, *Stormur*, *Toyota aukahlutir*, *Útilíf*, *Vesturröst*. Fríhöfnin: *Elko*.



R. SIGMUNDSSON

KLETTAGÖRÐUM 25 | SÍMI 520 0000 | GARMIN.IS

HJÁ ARCTIC CAT MÖNNUM ER
ÞAÐ EINFALDLEGA Í BLÓÐINU!




ARCTIC CAT VERÐLISTI 2008

Týpur	Verð
AC 120	390.000
F8 SNO PRO	1.450.000
F1000 SNO PRO LXR	1.620.000
Crossfire 800 SNO PRO	1.440.000
Crossfire 1000 SNO PRO	1.570.000
M8 153	1.360.000
M8 153 SNO PRO	1.470.000
M1000 153	1.490.000
M1000 153 SNO PRO	1.620.000
M1000 162 SNO PRO	1.650.000

NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ SÉRFRÆÐINGUM OKKAR Í SÍMA 575 1200.

WWW.ARCTICCAT.COM



WWW.ARCTICCAT.COM



B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og innskiptavillur.

Leiðarinn

Ágætu lesendur.

Nú nálgast sá árstími sem skiptir mestu máli fyrir starf björgunarsveita í landinu, vegna þess að nú fer í hönd einhver stærsta samhæfða fjáröflun fyrir björgunarsveitirnar. Þetta er auðvitað flugeldasalan sem skiptir afar miklu máli fyrir fjárhag sveitanna og hversu öflugur starfi verður hægt að halda úti næsta árið. Eins og margir muna gekk mikil hláka og úrkoma yfir landið fyrir rétt um ári síðan með tilheyrandi vandræðum. Þá stóðu hundruð björgunarsveitamanna og kvenna í ströngu við að bjarga því sem bjargað varð. Ekki fórum við íbúar Eyjafjarðarsveitar varhluta af þessum veðurham, í sveitinni féllu aurskriður á bóndabýli og stórfloð urðu í ám. Þó skipti auðvitað mestu máli að ekki urðu slys á fólki í þessum látum. Sannaðist það þá enn og aftur hve gríðarlega mikils virði er fyrir fólkið í landinu að það séu mörg hundruð sjálfbodaliðar tilbúnir til að stökkva frá vinnu og heimilum til að sinna landanum í neyð. Á síðustu vikum hefur þetta líka komið í ljós enn á ný þar sem björgunar- og aðstoðarbeiðnir hafa borist í hundraða tali á hverjum sólarhring.

Það verður að teljast alveg ljóst að aldrei hefur íslenska þjóðin verið jafn meðvitund um starf okkar björgunarsveitafólks sem er vel. Við höfum oft legið undir ámæli fyrir að eyða tíma í æfingar og ferðalög, en ekki er allt sem lærist bara af bókinni því að reynslan þarf að fylgja með. Við í Dalbjörg höfum lagt mikinn metnað í þjálfun okkar fólks á líðandi ári og er nú kominn gríðarlega öflugur skyndihjálparhópur, klifurhópur og tækjahópur. Þetta er allt fólk sem er komið með mikla reynslu og til að nefna sendum við í Dalbjörg tvo fjallabjörgunarmenn í leitina á Svínafellsjökli í sumar.

Dalbjörg hefur líka sinnt forvarnarmálum, til dæmis

með því að færa öllum nemendum og kennurum Hrafnagilsskóla endurskinsmerki að gjöf. Þetta er 20. árið sem Dalbjargarfólk fer á hvert einasta heimili í Eyjafjarðarsveit og skiptir um rafflöður í reykskynjurum, ásamt því að skipta út gömlum og úreltum slökkvitækjum, koma tugum þeirra í eftirlit og útvega ný, ásamt eldvarnarteppum og sjúkrakössum.

Einnig er gaman frá því að segja að í burðarliðnum er samstarfssamningur milli Slökkviliðs Akureyrar og Dalbjargar sem felur í sér þjálfun á 8-10 manna hóp og umsjón með slökkvikerru sem er eign sveitarfélagsins en hún er staðsett í húsi Dalbjargar og skapar þetta mikið öryggi fyrir fremstu byggðir Eyjafjarðarsveitar.

Að lokum vil ég minna íbúa Eyjafjarðarsveitar á flugeldasöluna okkar í Hrafnagilsskóla. Vonandi sjáum við ykkur sem flest þar, því eins og alltaf þá liggur okkar styrkur í ykkar stuðningi. Ég vil líka þakka veittan stuðning á líðandi ári og þér, lesandi góður, óska ég gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Síðast en ekki síst vil ég óska félögum mínum í Dalbjörg allra heilla og til hamingju með glæsilegt starf á líðandi ári.

Ingvar Þ. Ingólfsson,
formaður Dalbjargar.



Ingvar Þ. Ingólfsson, formaður Dalbjargar.



- ▶ Malbikun
- ▶ Malbiksviðgerðir
- ▶ Kranabíll
- ▶ Vinnulyftur



Sími
462 6066
892 8330 - Fax 462 6306
Flögusíða 2 - 603 Akureyri - malbikunkm@islandia.is

Fljótandi malbik

Gussasphalt

Frábær lausn fyrir mjaltabása, mjólkurhús og margt fleira



Snjóflóðaylar björguðu lífi mínu

Sunnudaginn 21. janúar 2007 féll snjóflóð norðan við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli; á milli Mannshryggs og Stóra-hnjúks. Hópur vélsleðamanna var þar á ferð og hrífsaði snjóflóðið Tryggva Tryggvason, einn af vélsleðamönnum með sér. Flóðið færði Tryggva strax á kaf og bar hann um 100 metra. Sleðinn hans hafnaði um það bil 20 metrum neðar og aðeins sást í glerið á honum. Tryggvi var á tæplega tveggja metra dýpi þegar félagar hans fundu hann fáeinum mínútum síðar með hjálp snjóflóðayla og tókst þeim að blása lífi í hann áður en sjúkraflutningamenn, gæslufólk í Hlíðarfjalli og björgunarsveitir komu á slystaðinn. Hann var síðan fluttur með snjótroðara neðar í hlíðina þar sem TF-LÍF, þýla Landhelgisgæslunnar flutti Tryggva á Sjúkrahúsið á Akureyri þar sem hann lá meðvitundarlaus í hálfan mánuð eftir slysið.

Finnur Aðalbjörnsson ferðafélagi Tryggva lýsir flóðinu svo að það hafi komið efst úr fjallinu og verið nánast hljóðlaust. Þeir hefðu sjálfir tekið til fótanna þar sem þeir voru flestir neðan við hlíðina og sáu að flóðið stefndi á þá. Ferðafélagar Tryggva brugðust skjót og örugglega við og er ekki nokkur maður efins um að án snjóflóðaylanna og tryggra ferðafélaga hefði verið vonlítið að ná Tryggva upp úr flóðinu og hann lifað það af. Því eins og Finnur segir þá hafi það tekið þá um þrjár til fimm mínútur að



Björgunarmenn bera Tryggva í þýrluna.

miða hann út með snjóflóðaylunum og að öllum líkindum fimm til sjö mínútur að grafa hann upp. Eftir þann tíma var snjórinn svo harður að það var eins og steypu hefði verið hella yfir hann.

Ferðafélagar Tryggva sem voru 10 talsins voru flestir með snjóflóðayla og höfðu tekið stutta æfingu í notkun á þeim. Þeir sem ekki höfðu tekið ýlana með sér urðu fyrir talsverðu áfalli eftir að Tryggvi var fluttur í burtu og þá áttuðu þeir sig á hættunni sem þeir voru í. Ef þeir hefðu lent í flóðinu hefðu þeir að öllum líkindum ekki bjargast lifandi.

Tryggvi Tryggvason er byggingaverkfræðingur að mennt, kvæntur, tveggja barna faðir og hefur stundað sleðamennsku í nokkur ár. Tryggvi segist ekki muna eftir sunnudeginum en man vel eftir föstudeginum fyrir slysið þegar hann keypti sér snjóflóðaylann. Þó munaði ekki miklu að hann gleymdist heima en Tryggvi bað ferðafélaga sína að doka við á meðan hann færi heim að ná í ýlann. Eftir tæpa tvo mánuði á sjúkrahúsi fór Tryggvi á Kristnes í sjúkra- og iðjuþjálfun í þrjá mánuði. Í dag er hann enn í þjálfun hluta úr degi þar sem hann er ekki búin að ná fínhyringum og á erfitt með að skrifa en Tryggvi er samt farinn að stunda vinnu á ný.

Hafðís Huld Björnsdóttir.



Tryggvi á góðri stundu við sleðann sinn.

**Parketslípun
og lagning**

**Nýsmíði
og viðhald**



ÁK SMÍÐI

Sími 897 6036



Hvernig ertu klæddur?

Klæðnaður er eitthvað sem skiptir útvistar og björgunarsveitarfólk miklu máli. Við gerum miklar kröfur til fatnaðar þar sem við getum þurft að takast á við hvaða veðuraðstæður sem er. Það er ekki sjálfgefið að fólk kunni að klæða sig rétt þótt það sé í björgunarsveit.

Við leggjum áherslu á að fólk innan okkar björgunarsveitar klæði sig eftir-



farandi, þar sem góð og mikil reynsla er komin á þennan fatnað.

↳ Góð undirföt draga raka frá húðinni þannig að hún helst frekar þurr, og minnka líkur á því að fólk verði kalt þegar það stoppar. Þess vegna ætti að klæðast nærbuxum og brjóstahaldara úr ull eða gerviefnum, þó ekki úr bómull. Þar yfir koma svo ullarsíðbrók og bolur, oft blönduð með gerviefnum og svo ullarsokkar.

↳ Þunnt flísefni eins og Power stretch settið frá 66°N er mjög hlýtt og þægilegt og mælum við með því yfir ullarfötin. Góð flíspeysa t.d. Polartec WindPro frá 66°N og/eða íslensk ullarpeysa til að halda á okkur hita.

↳ Ysta lagið er helsta vörnin gegn veðri og vindum. Þar hefur Landsbjörg látið hanna og framleiða galla hjá 66°N sem stenst flest öll veður sem björgunarsveitarfólk getur lent í. Við notum þennan galla enda er hann úr mjög sterku efni. Mikilvægt er að halda honum hreinum og bera reglulega á hann til að hann haldi vatnsvörn í lagi.



↳ Síðan eru það ullarlúffur, vind- og vatnsheldar lúffur þar yfir og húfa eða lambhúshetta sem hægt er að fá úrvindheldu efni.

Þessi upptalning er okkar grunnbúnaður og menn geta síðan bætt við eftir þörfum og aðstæðum.

Við óskum hjálparsveitafólki gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

JÓHANSSON & LEWIS • JÚLÍ • SÍA

Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12, Miðhraun 11 Garðabæ. **Akureyri:** Glerárgata 32. **Keflavík:** Leifsstöð og söluaðilar um land allt.

www.66north.is

Klæddu þig vel



Útköll

21. desember

Aðfaranótt þessa dags var björgunarsveitin með vakt yfir nóttina vegna hamfara í sveitinni.

Farið var heim að Völlum til að aðstoða við að brynna skepnunum á bænum.

22. desember

Félagar úr Dalbjörg fara með dælu og búnað til að koma vatni á bæinn Velli í Djúpadal, en brúin og leiðslur heim að bænum eyðilögðust í hamförunum 20. desember.

26. desember

Sex manns fóru og björguðu hesti sem hafði lent í skriðu inn á Djúpadal.

21. janúar

Allar björgunarsveitir á svæði 11 voru kallaðar út vegna snjóflóds sem féll norðan við svokallaðan Mannshrygg í Hlíðarfjalli ofan Akureyrar. Nokkrir menn á vélsleðum voru þar á ferð og lenti einn maður í flóðinu. Félagar mannsins fundu hann fljótlega með snjóflóðayli. Nokkrir björgunarsveitarmenn voru staddir á skíðasvæðinu þegar flóðið féll og komu þeir fljótt til aðstoðar. Fljótlega bættist meiri mannskapur við sem aðstoðaði við björgun. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús með þyrlu Landhelgisgæslunnar sem stödd var á Sauðárkróki þegar útkallið kom.

Vatnsaðstoð við Syðri-Tjarnir

Strax á nýju ári var björgunarsveitin beðin um að aðstoða við að koma á vatni á Syðri-Tjarnir. Þar hafði vatnsból og leiðsla skemmst í umhleyplingunum fyrir jól og bærinn orðinn vatnslaus. Þrír menn fóru og unnu við að laga til vatnsból og leggja lagnir, tók það 2 daga að koma vatni aftur á.

22. apríl

Eyjafjarðarsveit óskaði eftir aðstoð frá björgunarsveitinni til að koma skepnum úr svínahúsinu á Arnarfelli til slátrunar á Akureyri.



Pétur og Einar Björn að dæla vatni á forðatank.

www.toyotaakureyri.is



Verið velkomin í þjónustumiðstöð Toyota á Akureyri



Eitt fullkomnasta bílaverkstæðið á landsbyggðinni!

Ódýrir og viðurkenndir varahlutir fyrir eldri gerðir Toyota bifreiða

Allar almennar viðgerðir
Hjólbarðþjónusta
Þríf - alhreinsun
Varahlutir
Aukahlutir



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Akureyri | Baldursnes 1 | 603 Akureyri
Sími 460 4300 | Fax 460 4301
storholt@toyota.is | www.toyotaakureyri.is

og aðstoð

14. júlí

Farið var á Dalbjörg 1 með dekk til móts við Dalbjörg 2 sem var að aðstoða ferðalanga á bílaleigubíl uppi í Nýjadal.

10. ágúst

Lögreglan á Akureyri óskaði eftir aðstoð sveitarinnar við að leita konu sem saknað var við Kristnes í Eyjafjarðarsveit. Konan fannst eftir skamma leit í skóginum ofan við Kristnesspítala og var hún flutt með sjúkrabíl á sjúkrahúsið á Akureyri til aðhlynningar.

24.- 25. ágúst

Þessa daga stóð leit yfir að tveimur þýskum ferðamönnum. Tveir félagar úr Dalbjörg, ásamt félögum frá nokkrum öðrum björgunarsveitum á Eyjafjarðarsvæðinu tóku þátt í mjög umfangsmikilli leitaraðgerð við Skaftafell og á Svínafellsjöki.

22. ágúst

Þetta var útkall F1 Rauður. Bíll var fastur í Köldukvísl í Vonarskarði og farþegar komnir upp á þak bílsins. Björgunarsveitinni var snúið við þar sem ferðalangar komu þeim til aðstoðar.

1. nóvember

Stór pallbíll með hestflutningavagn lenti út af heimreiðinni á Möðrufelli í byrjun mánaðarins. Ökumaðurinn ætlaði sér að

keyra upp heimreiðina en var ekki staðkunnugur þannig að hann gerði sér ekki grein fyrir brattanum á heimreiðinni. Aðstæður voru ekki eins og best varð á kosið, en það var myrkur, hálka og snjócoma. Bíllinn stöðvaðist í brekkunni og rann aftur á bak norður af veginum og ofan í skurð. Þrjú menn fóru frá okkur til hjálpar á bíl auk þess sem Hlynur á Kvisti kom á stórri dráttarvél til hjálpar. Mikil átök þurfti til að draga bílinn og vagninn, sem vógu samtals um 5 tonn, upp á veginn aftur. Bílstjórinn var mjög þakklátur fyrir aðstoðina en bíllinn og vagninn skemmdust lítillega.



Bíll í sjálfheldu.

20. nóvember

Héraðsdýralæknir óskaði eftir aðstoð bænda úr björgunarsveitinni við að sóttreinsa fjós og skepnur á bænum Hofi í Arnarneshreppi og fóru tveir af okkar félögum og hjálpuðu til við það verk.

19. desember

Björgunarsveitin var beðin um aðstoð 19. desember vegna vatnsleysis á Finnastöðum. Vatnsleiðsla hafði farið í sundur frá vatnsbóli að forðatank og hann orðinn tómur. Fóru 4 menn frá björgunarsveitinni til að aðstoða bóndann við að leita að bíluninni. Tankbíll Slökkviliðs Akureyrar var fenginn að láni til að fylla 10.000 lítrum á tankinn svo að skepnur yrðu ekki fyrir vatnsskort.

Bestu óskir um **gleðileg jól**
og farsælt nýtt ár

SPORTVER

Glerártorgi - Sími 461 1445

Bestu óskir um **gleðileg jól**
og farsælt nýtt ár

VÉLFANG
www.velfang.is

K2 MÓTOR SPORT
JEPPAR
SLEDAR
HJÖL

opið virka daga kl. 10:00-18:00

LED höfuðljós

Óflugar loftdælar & fylgihlutir

LYNX

Halvarsson's
100% ullarnærft.
Líklega þau bestu.

BRP

Óflug neyðarljós sem henta vel í slæmu skyggni

Yukon
Gætt & Axlar

Yukon drifhlutföll & leguset. Vönduð vara á góðu verði.

Skriðgírar & lægra lágadrif í jeppa

www.k2motorsport.is

K2 ehf - Dalsbraut 1 - 600 Akureyri - sími 464-7960 - k2@k2motorsport.is



Útkall á Svínafellsjökli

Fimmtudaginn 23. ágúst bárust fréttir af því að leit stæði yfir að tveimur Þjóðverjum í kringum Lönsöræfi og Skaftafell en ekki hafði heyrst í mönnunum frá því í lok júlí. Fór svo að leit þann daginn skilaði litlum árangri fyrir utan það að tjöld mannana höfðu fundist ofarlega á Svínafellsjökli. Voru menn af svæði 11 kallaðir til fundar í Súluhúsinu á Akureyri um kvöldið og var okkur tjáð að ætlunin væri að senda hóp að norðan í þetta útkall. Farið var yfir atburðarásina og okkur kynntar aðstæður á leitar svæðinu, sem ein-skorðaðist nú að mestu leiti við Svínafells- og Virkisjökul.

Miðað við lýsingar á svæðinu var það mjög sprungið og erfitt yfirferðar og greinilega ekki fyrir hvern sem er að fara. Var það raunin að tveir frá Dalbjörg, þrír frá Súlum og einn frá Ólafsfirði buðu sig fram í þetta krefjandi verkefni og var ætlunin að fara keyrandi yfir hálandið um kl. 16:00 daginn eftir. Klukkan 10:45 þann 24. ágúst fengum við að vita að TF-Sýn-flugvél landhelgisgæslunnar væri á leiðinni norður til að ná í okkur og að flogið yrði frá Akureyri um kl. 12:00. Urðum við að hafa hraðar hendur við að taka til allt það dót sem við þurftum með okkur austur þar sem sumt var fremra, í Bangsabúð, en með hjálp frá góðum vinum tókst það og við komum á réttum tíma í Súluhúsið þar sem hópurinn átti að koma saman. Þegar við komum á flugvöllinn var tekin smá tími til að koma okkur upp í vélina ásamt búnaði og athuga hvort það væri eitt-hvað sem vantaði. Við fórum ekki í loftið fyrir en um kl. 13:00 og var tekin stefnan á Höfn í Hornafirði.

Þegar þangað var komið beið okkar bíll er flutti

okkur upp í Freysnes, sem er við rætur Svínafellsjökuls. Létum við svæðisstjórn vita af komu okkar og var okkur úthlutað því verkefni að ganga upp Svínafellsjökulinn. Við áttum svo að gista um nóttina á þeim stað er tjöld Þjóðverjana höfðu fundist og leita á svæðinu í kring daginn eftir. Gerðum við okkur fljótt grein fyrir því að við yrðum að fara greitt yfir til að lenda ekki í myrkri inni á miðjum jökli.

Við tókum þann búnað er við þurftum í verkefnið og gengum í tveimur hópum, þrír og þrír bundnir saman. Er við höfðum verið á göngu upp jökulinn í u.þ.b. tvo tíma varð einn úr hópnum fyrir því óláni að detta og ekki vildi betur til en svo að hann féll á ísexi sem hann hélt á og meiddist. Þegar við höfðum hlúð að honum og framkvæmt fyrstu skoðun komumst við að því að hann hafði farið úr axlarlið. Eftir að við höfðum metið aðstæður ákvað hópurinn að kalla á svæðisstjórn og óska eftir flutningi með þyrllu því þó svo að annar okkar Dalbjargarmanna hefði réttindi til að setja öxlina í lið var ekki víst að við kæmum honum af jöklinum í þessu ástandi. Fór það svo að við biðum eftir þyrllunni í einn og hálfan tíma sem við nýttum til að bolta allt lauslegt, svo sem bakpoka, niður með ísskrúfum því allt í kringum okkur voru sprungur og vildum við ekki hætta á að missa búnað niður í sprungur er þyrllan kæmi. Við beindum þyrllunni á staðinn og lækni í áhöfn þyrllunnar aðstoðaði okkur við að koma sjúklingnum fyrir í skelinni og á innan við 5 mínútum frá því við sáum þyrlluna fyrst var hún farin.

Við fórum yfir stöðu mála og komumst að þeirri niðurstöðu að við myndum að öllum líkindum ekki ná



Jökullinn var gríðarlega sprunginn og erfiður yfirferðar.

að komast af sprungusvæðinu fyrir myrkur ef við myndum halda óbreyttri stefnu. Ákváðum við því að koma okkur af jöklinum áður en myrkur skylli á og létum við svæðisstjórn vita um áætlun okkar. Okkur var þá sagt að koma okkur á stað þar sem þyrlan gæti lent. Við gerðum það og þegar þyrlan kom tyllti hún framhjólina rétt niður og var okkur hent um borð, eftir örstutta stund vorum við komnir upp að tjöldum þjóðverjanna. Við settum upp búðir nokkra metra frá tjöldunum.

Það var skrítn tilfinning að leggjast til svefns þarna, jökullinn á hreyfingu, maður heyrði hrynja úr honum í fjarska og stöðugur niður frá fossum og vatnsfarvegum undir jöklinum. Þegar byrjaði að birta aftur um morguninn var haldið af stað inn á jökulinn og stefnt á það svæði er okkur hafði verið úthlutað daginn áður. Sprungur, hellar og vatnsfarvegir er lágu undir jöklinum voru meðal þess sem þurfti að skoða, en flestar sprungurnar voru það djúpar að maður sá ekki til botns. Sendum við einn okkar í línu niður í tvo farvegi eftir fossa er lágu undir jökulinn við þurftum að vera vakandi yfir þeirri hættu að þeir voru staðsettir við klettavegg og höfðum við orðið varir við hrun úr þeim fyrir um daginn. En þrátt fyrir alla alvöruna og þá hættu sem við vorum að setja okkur í gat maður ekki annað en verið agndofa yfir þeirri náttúrufergurð sem þarna blasti við okkur. Þegar leið á daginn urðum við varir við menn sem komu upp jökulinn og ekki leið á löngu þangað til að við sáum að það var verið að finkemba jökulinn með leitarhunda fremsta í flokki. Einnig höfðum við fylgst með hóp sem komið hafði um morguninn með þyrlu að tjaldbúðunum og var kominn lengst upp á jökul.

Eftir erfiðan dag var haldið aftur í átt af tjöldunum og menn fegnir að komast af sprungusvæðinu. Við fengum okkur að borða og réðum ráðum okkar og ákváðum að partur af hópnum héldi áfram upp jökulinn, en hinir yrðu eftir til að koma búnaðinum aftur niður af jökli þar sem ekki var öruggt að þyrla gæti sótt búnaðinn. TF-GNÁ ferjaði bæði menn og búnað niður af jöklinum. Menn komu þreyttir en sátir í Freysnes þar sem mönnum var boðið upp á dýrindis



Haraldur Þór og félagar á Svínafellsjökli.

lambalæri og með því og tóku menn hraustlega til matar síns þar sem mataræðið á jöklinum samanstóð af súkkulaði og súpum. Því var þetta góð tilbreyting.

Þegar menn voru búnir að borða nægju sína var farið að huga að áframhaldi. Voru allir boðaðir til fundar þar sem tilkynnt var að ekki yrði leitað aftur á þeim svæðum sem búið var að leita á og endir bundinn á leitina. Enda ekki ástæða til leggja menn í frekari lífshættu við leit að mönnum. Er fundinum lauk fengum við þær fréttir að bill væri lagður af stað frá Akureyri til að ná í okkur og komum við til Akureyrar uppúr kl. 07:00 að morgni þann 26 ágúst. Þar með lauk einni af viðburðarrikustu helgi er við höfðum upplifað til þessa.

Enn þann dag í dag er ekki vitað um afdrif manna og ekkert hefur til þeirra spurst.

Aðalsteinn Friðjón Magnússon.
Haraldur Þór Óskarsson.

FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA



Að breyta björgunarsveitarbíl!

Björgunarsveitir þurfa breytta jeppa og þegar á að fjárfesta í þannig tæki vakna alltaf spurningar um hvaða bíll hentar best, hvernig á að breyta honum og hvar sé best að láta breyta honum.

Við í Dalbjörg stóðum frammi fyrir þessum spurningum þegar við ákváðum að endurnýja annan bíl sveitarinnar. Fyrir átti sveitin 38" Land Cruiser 80 og var ákveðið að nýji bíllinn yrði 44" breyttur.

Við skoðuðum hvaða bíltegundir myndu henta okkur best og komu tegundir eins og Land Cruiser 120, Land Rover Defender eða Nissan Patrol helst til greina. Varð Patrol fyrir valinu þar sem hann kostaði svipað og hinir bílarnir, var rúmbetri og þótti sterkari til 44" breytinga. Var ákveðið að hafa hann beinskiptan, en eftir á að hyggja, hefði hann sennilega verið betri með sjálf-skiptingu þar sem vélin togar lítið á lág-snúningi. Vélin er líka afllítill, en það á að bæta úr því með tölvukubb og sverara pústi. Hefur það gefið góða raun hjá félögum okkar í björgunarsveitinni Súlum en þeir eru með eins bíl.

Við fengum Halla í Kliptrom ehf. (nú K2 Mótorsport, Akureyri) og Breyti í Reykjavík til að koma með hugmyndir og tilboð í breytingu á 44" bíl. Eftir að

hafa skoðað tilboðin, ábyrgðir og annað, ákváðum við að semja við KT þar sem það tilboð var mun öflugra bæði hvað varðar undirvagn og útfærslu og síðan var það tilboð lægra. Í breytingarferlinu fengum við að koma með okkar hugmyndir og var unnið úr þeim þar til allir voru sáttir. Til dæmis var upphaflegum gormum og dempurum skipt út í stað öflugri og burðarmeiri búnaðar, framstuðari var einnig látinn fjúka og sérsmiðuð grind sett á bilinn.

Það var stutt fyrir okkur að sækja þjónustuna og gátum við fylgst með öllu ferlinu frá byrjun, enda skiptir það miklu máli að stutt sé í þjónustu þegar bíllinn þarf viðhald.

Við erum búin að nota bíllinn í tæp 2 ár núna og erum við mjög sátt við hann. Bíllinn hefur farið tvisvar til breytingaraðilans í viðhald, annað skiptið vegna þess að við vildum láta styrkja stífurn og stigbrettafestingu, í hitt skiptið vildi breytingaraðilinn setja öflugri lofttjakk á milligír þar sem hinn væri mögulega ekki nógu öflugur. Var þetta gert okkur að kostnaðarlausu og bíllinn klár á nokkrum klukkutímum.

Af okkar reynslu erum við mjög sátt með bíllinn og breytingaraðilann þar sem hann leggur metnað sinn í að bílnum sé vel breytt og ábyrgist smíðina, og eins ábyrgist Ingvar Helgason verksmiðju-

galla framleiðandans á bílnum ef þeir koma upp.

Björgunarbifreiðin kostaði með öllum búnaði og breytingum 8.200.000 kr. en þá á eftir að draga frá niðurfellingar á virðisaukaskatt og aðflutningsgjöldum sem við fáum endurgreitt.

Sjálfur bíllinn kostaði 4.350.000 kr., kostnaður við breytingar var 3.200.000 kr. og sjúkrabúnaður í bílnum kostaði rúmlega 400 þúsund. Flotgalli, teygjuspotti, verkfæri og fleira voru um 300.000 kr.



Nýju gormarnir er 50 mm lengri og stífari en þeir gömlu. Samsláttarpúðar eru úr Land Cruiser og hásing var færð aftur um 50 mm. Allar stífur og jafnvægisstangir voru síkkaðar og styrktar.



Sérsmiðaður stuðari sem er margfalt sterkari, tengist saman við spilbita sem styrkir bæði grind og spilbita. Stuðarinn er líka 9 L loftkútur, festing fyrir kastara, ver bíllinn og síðan er hægt að lyfta bílnum með honum.



Milligír er frá Jeppasmiðjunni Ljónsstöðum. Hann er í hlutföllunum 2,02:1 og loftstýrður. Síðan er hlutfall 3,74:1 í millikassa og hlutföll í hásingum 5,42:1 með læsingum.



Gormaskálar voru færðar niður og OME gormar og demparar settir í hann, auk þess sem stýrisbúnaður var styrktur.



*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár!*

NORÐLENSKA





Mikið var klippt úr bílnum og gengið fagmannlega frá, þannig að hann rekur ekki dekkinn utan í við mestu misfjöðrun.



Við komum 9 rása aukarafkerfi frá Samrás og fjarskiptabúnaði ásamt lögnum fyrir í bílnum sjálfir. Er það haganlega og fagmannlega unnið.



Bíllinn er á 44" dekkjum á Bed lock felgum og í honum er 75 lítra aukatankur. Að framan eru fjórir kastarar, 170/100W punkt-og dreifljós, 6 stk. Sirius 55W vinnuljós og svo eru innljós undir sætum og mælaborði. Á toppnum eru IPF 100W leitarljós og 2 forgangsljós. Annar búnaður er til dæmis tetrastöð, VHF stöð, NMT farsími og tölva.

Sjúkrabúnaður

Á toppi

Skel, bakbretti m/ólum, KED-vesti, 2 hálskragar, 4 aluformspelkur, lípkoki, segl og fimm teppi.

Sjúkrataska

Súrefnismettunar- og púlsmælir, sykurmælir, hitamælir, blóðþrýstingsmælir, pennaljós, skæri, pinnsett, Burnfree gel og grísjur, plástrar, umbúðir og teygjubindi, augnskol, SAM spelkur, ælupokar og nálabox.

Lyf

Paratabs verkjatöflur, Voltaren bólgueyðandi töflur, Koffínátín bílveiktöflur, Hypostopp sem er notað við lágum sykri, saltvatn, Burnfreekrem og hjartamagnyl 75 mg.

Súrefnistaska

Súrefniskútur 400 l., gleraugu, maski með sarp, blástursmaski og kokrennur.

Veisturþjónusta Greifans

Við öll tækifæri

GREIFINN
VEITINGAÐÚS
www.greifinn.is • 460 1600
Leitið upplýsinga

Voræfing á svæði 11

Þann 3. maí var haldin voræfing á svæði 11 á vegum Björgunarsveitarinnar Súlna á Akureyri. Sett voru upp fjölbreytt verkefni, má þar nefna eitt skyndihjálparverkefni með fólki sem var fast í bíl, eitt fjallabjörgunarverkefni í Glerárgili, bílaverkefni og rústabjörgunarverkefni.

Við mættum með um það bil 10 manns og vorum kölluð út í skyndihjálparverkefnið. Um var að ræða 3 sjúklinga sem sátu fastir inni í bíl eftir útafakstur og nokkuð strembið var að ná þeim öllum út. Einn fannst látinn nokkuð frá, en hinum var náð út úr bílnum og reynt að forgangsraða eftir megni í flutning á sjúkrahúsið. Dalbjörg 1 var notaður til að flytja sjúklinga á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, þar sem læknir tók á móti okkur og sagði okkur frá hvað var vel gert og hvað mátti betur fara. Eftir að hafa lokið verkefninu fórum við að Súluhúsinu aftur og þeir sem vildu spreyttu sig á bílaverkefni, sem fólst í því að bakka og keyra eftir kúnstarinnar reglum á milli keilna á sem stystum tíma. Fólk skemmti sér vel við það, og margir stóðu sig mjög vel. Bæði fjallabjörgunar- og rústabjörgunarverkefnið tóku lengri tíma og því keyrðum við upp að Glerárgili til að fylgjast með, en þar voru félagar úr Súlum og Björgunarsveitinni á Ólafsfirði að ná tveimur sjúklingum upp úr gílinu. Við litum einnig á Dalvíkinga sem voru í rústabjörgunarverkefni og skemmtu sér mjög vel. Eftir æfinguna var boðið upp á léttar veitingar og farið í gegnum hvernig gekk.

Þetta var mjög skemmtileg æfing og gaman að hitta

fólk úr björgunarsveitum í kring. Það væri mjög gaman að halda fleiri svona æfingar til að kynnst betur fólkinu á svæðinu okkar. Við þökkum Súlum fyrir góða æfingu.



Helga, Sunna, Sigrún, Hafdís, Sandra og Halli.



Slösuðum bjargað úr bílflaki.



Bústólpi

Óskar viðskiptavinum sínum

gleðilegrar jólahátíðar

með þökk fyrir viðskiptin á liðandi ári.



Bústólpi

FÓÐUR OG ÁBURÐUR



Skyndihjálparæfing

Þann 13. nóvember héldum við í Dalbjörg skyndihjálparæfingu á svæðinu í kringum Bangsabúð. Á æfinguna mættu 14 manns, auk umsjónarmanna sem voru Pétur R. Tryggvason og Helgi Schiöth. Byrjað var á að fara í gegnum búnað og mannskap, og svo skiptum við okkur í tvo hópa, Dalbjörg 1 og 2.

Æfingin var sett upp þannig að við fengum útkall í gegnum talstöð og vorum svo í sambandi við „aðgerðastjórn“ á svæðinu. Það þurfti að finna sjúklinginn, greina hvað var að og veita viðeigandi meðferð og loks flytja hann á sjúkrahús eða til móts við sjúkrabíl.

Hjá Dalbjörg 1 var fyrsta tilfallið maður sem hafði keyrt út af inni á Eyjafjarðardal. Hann var meðvitundarlaus og svaraði aðeins miklu áreiti, eftir nokkra athugun fundum við út að hann var sykursjúkur og með alltof lágan blóðsykur. Viðeigandi meðferð var veitt, og gekk þetta ágætlega. Næsta dæmi var maður sem fékk verk fyrir brjóstið og átti erfitt með andardrátt eftir að hafa mokað snjó frá dyrum fjallaskála. Ástand hans var þannig að ákveðið var að flytja hann strax til byggða og kalla til sjúkrabíl á móti okkur. Þriðja og síðasta dæmið unnu hóparnir saman, en það var stutt leit að rjúpnaskyttu sem hafði fallið fram af stalli, rotast og hlotið nokkra áverka. Búið var um hann í börum og hann fluttur til móts við sjúkrabíl.

Þetta eru allt raunhæf dæmi sem líkur eru á að við þurfum einhverntíma að kljást við sem björgunarsveitarmenn, hvort sem er á ferðum okkar eða í útköllum. Þessi æfing gekk vel fyrir sig og sýndi okkur, sem við vissum, að það er alltaf þörf á fleiri æfingum til að rífa upp kunnáttu. Við þurfum að læra að vinna vel saman og það kemur með æfingunni. Með starfinu okkar er miðað að því að hrista hópinn saman og kynnast hvert öðru til að geta unnið betur saman. Svona æfingar eru nauðsynlegar til að halda við þekkingu á skyndihjálpar og meðferð sjúklunga og stefnt er á að halda fleiri og reglulegri æfingar hér eftir.

Sunna Axelsdóttir.



Jóhann og Hermann fremstir í flokki.



Verið að bera rjúpnaskyttu niður að bíl.



Steini, Hermann og Örvar klárir í slaginn.



Kælismiðjan Frost ehf.

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölnisgötu 4b
603 Akureyri
Sími 464 9400
Fax 464 9401
frost@frost.is

Kælismiðjan Frost ehf.
Stangarhyl 5
110 Reykjavík
Sími 464 9400
Fax 464 9402
www.frost.is

Heildarlausnir fyrir smærri og stærri verkefni í kæliiðnaði:

Frysti og kæligeymslur
Stálgrindarhús
Veggeiningar
Hurðir
Frysti og kælikerfi

Minni frysti og kæliklefar
Staðlaðir klefar frá 0,8 m2
eða eftir máli.
Sambyggð eða sjálfstæð frystikerfi

Verslanir
Kæli og frystimublur
Viðhalds og rekstrarþjónusta
Vaktþjónusta 24/7

Heilfrysting
Uppsjávar- eða bolfiskur
Sjálfvirkir plötufrystar, lóðréttir og láréttir
Frystikerfi

Einangrun
Lagna, kúta
Lesta og annarra rýma í skipum

Ráðgjöf og þjónusta
Hönnun
Bilanagreining og rekstrarráðgjöf
Kælimiðlar

FLUGELDAMARKAÐURINN HRAFNAGILSSKÓLA



Opnunartími:

28. des. Kl. 10-22 / 29. des. Kl. 10-22
30. des. Kl. 10-22 / 31. des. Kl. 9-16


6. jan. þrettándinn Kl. 12-16

Flugeldasími: **844 1380**

Það er alltaf heitt á könnunni
og næg bílastæði!



Dalbjörg
Eyjafjarðarsveit



Komdu í **Hrafnagilsskóla**
og verslaðu flugeldana
hjá flugeldamarkaði
björgunarsveitanna



Landsæfing 2007

Landsæfing 2007 var haldin á Skógum undir Eyjafjöllum laugardaginn 20. október, en hún er haldin annað hvert ár víðsvegar um landið. Í ár voru það um 200 manns úr 25 sveitum alls staðar að af landinu sem tóku þátt. Tíu manns fóru frá Dalbjörg á tveimur bílum og vorum við skráð í skyndihjálparflokk og almennan flokk.

Fyrsta verkefnið sem við fengum var að leita að 5 manns í Reynisfjöru sem ekki höfðu skilað sér til baka úr fjallgöngu á réttum tíma. Verkefnið gekk mjög vel og vorum við búin að finna alla mennina og aðstoða þá á innan við klukkutíma. Tveir þeirra voru slasaðir á ökkla og fengu auðvitað viðeigandi meðferð, hinir þrír voru einungis svangir og kaldir en hlúðum við að þeim eftir bestu getu. Annað verkefnið sem við fengum var flugslysaverkefni á Sólheimasandi. Verkefnið var mjög stórt og voru nokkrar sveitir sem tóku þátt í því í einu. Það var mjög skemmtilegt því þar fengum við einnig að reyna á það hvernig væri að vinna með öðrum sveitum og gekk það mjög vel. Sjúklingarnir í flugslysinu voru 20 talsins, en vegna góðrar þekkingu og samvinnu á milli sveitanna vorum við búin að hlúa að þeim öllum og búin að koma þeim á greiningarstöð á klukkutíma.

Eftir þetta stóra verkefni tókum við matarhlé og bjuggum okkur undir næsta verkefni. Hópurinn skiptist þá

upp og fengu annars vegar bílslysaverkefni og hins vegar leitarverkefni. Við skiluðum öllum okkar verkefnum mjög vel og vorum ánægð með daginn. Dagurinn endaði á því að sveitirnar borðuðu saman að Skógum og fólk fór að tína af svæðinu um 6 leytið. Við Dalbjargarmenn skelltum okkur í sumarbústað í Fljótshlíð, létum þreytuna líða úr okkur í heitum potti um kvöldið og fórum yfir verkefni dagsins.

Daginn eftir var lagt af stað heim um hádegi og haldið norður yfir Sprengisand. Ferðin heim á leið gekk mjög vel. Dalbjargarmeðlimir voru ánægðir með helgina og vil ég nota tækifærið og þakka félögum mínum fyrir frábæra helgi.

Guðlaug Sigríður Tryggvadóttir.



Akurnesingar og Dalbjargarmenn að vinna saman að verkefni.



Stund milli stríða.



Stelpurnar búnar að yfirtaka nýja bílinn.

*Óska viðskiptavinum okkar
gledilegs árs
með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða*

G. HJÁL MARSSON HF
AKUREYRI



Námskeið

Fjarskipti, 18. janúar

Þetta námskeið var haldið í Bangsabúð. Leiðbeinandi var Daníel Eyþór Gunnarsson og á námskeiðið mættu 21 maður. Farið var í almenn fjarskipti, umgengni um fjarskiptabúnað og fleira. Aðaláherslan var á VHF kerfið en Tetra kerfið var einnig kynnt lítillega.

Rötun, 3. febrúar

Á þetta námskeið mættu 7 manns og það var haldið í Bangsabúð. Leiðbeinandi var Gunnar Björgvinsson úr HSSR. Var æfð vel notkun áttavita og korta, og einnig farið út að æfa fólk í að taka stefnur og vinna með kortin og áttavitana saman.

Fjallamennska 1, 3.-4. mars

Þetta námskeið var haldið í Bangsabúð. Leiðbeinandi var Jökull Bergmann og um 15 manns tóku þátt. Mikið var farið í ísklifur seinni daginn og skemmti fólk sér mjög vel.

Klifurnámskeið, 30. maí

Í vor var haldið stutt klifurnámskeið með Jökli Bergmann. Það voru 6 manns sem mættu á námskeiðið og var farið í Munkaþverárgilið í mjög góðu veðri. Farið var yfir nokkur undirstöðuatriði í klifri og svo var byrjað að klifra. Allir stóðu sig vel og þetta var mjög skemmtilegt námskeið.

Tetra námskeið 8. október

Námskeið var haldið í húsi björgunarsveitarinnar Súlna á Akureyri og fóru þrjú félagar frá Dalbjörg á það. Þar var farið yfir helstu þætti nýja Tetra kerfisins og urðu allir þátttakendur mun fróðari um kerfið eftir þetta námskeið.

Skyndihjálp 1, 5. -10. nóvember

Það voru 22 félagar sem tóku þátt á þessu námskeiði. Þetta var góð blanda af eldri félögum sem vildu endurmennta sig, og nýliðum sem voru að taka námskeiðið í fyrsta skiptið. Öllum gekk mjög vel og Anna Sigrún fékk mikið hrós sem leiðbeinandi.



Sunna ásamt félögum á Gufuskálum.



Klifur og sig námskeið í Munkaþverárgili.

Wilderness First Responder

29. október - 6. nóvember

Þetta námskeið miðar að því, eins og segir í námskrá Landsbjargar, að gera þátttakendur hæfa til að sinna sjúklingum þegar langt er í sérhæfða aðstoð eða ekki hægt að kalla á hjálp fagfólks. Það er haldið á Gufuskálum á Snæfellsnesi og tekur 8 daga. Leiðbeinendur á þessu námskeiði voru Einar Örn og Ármann Höskuldsson.

Við vorum 8 manns á námskeiðinu frá sex björgunarsveitum og hópurinn náði strax ágætlega saman. Námskeiðið samanstóð af verklegum æfingum og fyrirlestrum og var mjög gaman hve mikil áhersla var lögð á verklega hlutann. Æfingarnar voru fjölbreyttar og skemmtilegar og allir fengu mikið út úr því að fá þjálfun undir góðri leiðsögn við hinar ýmsu aðstæður. Lögð var áhersla á að við notuðum lágmarksbúnað til að bjarga okkur og við allar aðgerðir þurftum við að vanda okkur mikið. Auðvitað náðu allir námskeiðinu með góðum árangri. Eftir þetta námskeið fá þátttakendur réttindi til að vinna samkvæmt vinnureglum sem hafa verið samþykktar af landlækni.

Það er hverri björgunarsveit nauðsyn að hafa vel menntað skyndihjálparfólk. Nú höfum við þrjú meðlimi í Dalbjörg sem hafa tekið þetta námskeið og víst er að þeim á eftir að fjölga með tímanum.

Sunna Axelsdóttir.

SJÓVÁ

Þú tryggir ekki eftir á!

Strandgötu 3 · Akureyri
Sími 440 2370





Unglingadeild Dalbjargar

Eins og öllum er kunnugt hefur unglíngadeild Dalbjargar verið við störf í að verða tvö ár. Síðasta árið hefur deildin verið í miklum vexti og margir nýjir meðlimir bæst í hópin. Við gerum margt fjölbreytt okkur til gagns og gamans og verður hér fjallað um það sem við höfum gert á þessu ári.

Farið var í Borg inn á Djúpadal, en þar hafa krakkarnir fengið að spreyta sig á hinum ýmsu leikjum. Fyrst ber að nefna leiki með snjóflóðayla, þar sem stjórnandi leiksins felur nokkra snjóflóðayla á mismunandi stöðum og næst

fara krakkarnir og leita að þeim. Síðan hafa þau farið í leiki í GPS tækjunum sem að snúast um það að komast út úr völundarhúsi sem tækið setur upp. Næst var grillað eitthvað bitastætt og grillið var fremur frumlegt, þúfa sem var svipt sjálfræði með tilheyrandi holu. Því næst var spilað, sungið og sagðar draugasögur fram á nótt.

Fjölskyldudagur Dalbjargar var haldinn í apríl síðastliðnum. Þar fengu deildarmeðlimir að sjálfsgöðu að koma með og renna sér á hinum ýmsu brettildum og diskum. Þar að sama skapi var grillað og sagðar sögur. Í sumar var Handverkshátíð í Hrafnagilsskóla og stóðu þar fulltrúar deildarinnar vörð um útganga og tóku þátt í miðasölu og fleiru. Sumargleði Dalbjargar var haldin í Leyningshólum í sumar og þar kom unglíngadeildin og tók þátt í hinum ýmsu leikjum og glensi, t.d. pokahlaupi og reipitogi. Kveiktur var varðeldur og gíst var ýmist í húsvögnum, tjöldum eða fellihýsum. Í október síðastliðnum var svo farið á skautadiskó. Þar voru að sjálfsgöðu stigin hin ótrúlegustu dansspor. Skautað var í að verða 2 tíma og fóru allir heim í besta skapi. Nú í nóvember var haldið skyndihjálparnámskeið. Þar voru unglíngadeildarmeðlimir í meirihluta og höfðu gaman af. Auk þess var farið í Hrafnagilsskóla í nóvember og 9.-10. bekk kynnt starfsemi unglíngaeildarinnar. Þar fékk deildin góð viðbrögð og skráðu sig yfir 20 krakkar. Þetta er aðeins brot af því sem á daga þessa verðandi björgunarfólks hefur drifið í sumar og verður sífellt meira að gera fyrir þessa ungu og skemmtilegu sveit.

Brynjar Schiöth.



Eldri meðlimir unglíngaeildarinnar á ferðalagi.

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*

Plastás ehf
Einangrunarplast



Óseyri 4 - Sími 462 7799

*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



NORÐURORKA HF



Hálendisgæsla

Í ár stóð Slysavarnafélagið Landsbjörg að hálendisgæslu annað árið í röð. Vikuna 7.-14. júlí fórum við tveir félagar úr Dalbjörg til að taka þátt í verkefninu. Okkar gæslusvæði var Sprengisandur, en það svæði spannar milli Bárðardals, Hrauneyja, Kistufells og Ingólfsskála. Þetta svæði er stórt og því voru dagleiðir nokkuð langar; einn daginn keyrðum við til dæmis um 420 km. Verkefni okkar var að vera til staðar ef eitthvað bjátaði á hjá ferðalöngum sem áttu leið um svæðið okkar. Engin stór vandamál urðu á vegi okkar þessa vikuna, en aðstoðuðum við þó nokkra sem glímdu við minni háttar vandamál, til dæmis festur, bilanir og fleira.

Í sumar vorum við með nýja Tetra talstöð með okkur, en Tetra kerfið er nýtt fjarskiptakerfi sem verið var að prófa á hálendinu. Þetta kerfi býður upp á fleiri möguleika en nokkuð annað fjarskiptakerfi hefur boðið upp á hingað til, en auk þess sem tækið er venjuleg talstöð er einnig möguleiki á gagnaflytningum og ferilvöktun. Ferilvöktun gerir mönnum kleift að sjá hvar aðrir eru staddir sem nota sama kerfi. Búnaðurinn virkaði mjög vel og er að okkar mati framtíðin í fjarskiptamálum.

Á þessari viku höfum við lært margt, kynnst landvörðum á svæðinu, kynnst landslagi, veðurfari og ýmsum aðstæðum sem geta komið upp þegar ferðast er á fjöllum. Þessi vika hefur reynst ómetanleg reynsla fyrir okkur.

Kristján Hermann Tryggvason
Eiður Jónsson



Eiður Jónsson, fjallamaðurinn ógurlegi.



Gert við dekk á bílaleigubíl.



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



Óskum

viðskiptavinum okkar

farsælskomandi árs

með þakklæti

fyrir árið sem

er að líða



Óðinsnes 2 • Sími 460 4800



Annað úr starfinu

Annar í páskum var fjölskyldudagur Dalbjargar sem haldinn var á Víkurskarði. Farið var með nokkra vélsleða og bíla sveitarinnar þangað í mjög góðu veðri. Fólki var skutlað upp í hlíðarnar þaðan sem það renndi sér niður á alls kyns búnaði, svo sem snjóþremtum, diskum og sleðum. Grillið var auðvitað með í för og heppnaðist dagurinn vel.



Snædis Lind og Elísabeth Anna að máta sleðann hjá Pétri.

Farin var stór hjálparsveitarferð 24. febrúar, þegar 25 manna hópur félaga hélt upp í Laugafell. Farið var á báðum bílum sveitarinnar ásamt nokkrum einkabílum. Fórum við upp Vatnahjallann í brjáluðu veðri og tók það 3 tíma að berjast upp Hafrárdalinn og inn í Bergland. Við Bergland brast á með sól og blíðu og var brunnað beinustu leið í Laugafell. Þar var grillið tekið fram og voru það þeir Víðir og Ragnar sem elduðu ofan í mannskapinn. Seinna um kvöldið var sungið og menn skelltu sér í laugina. Haldið var heim í bítið og komið við í Grána þar sem menn teygðu úr sér og fengu sér snarl áður en haldið var heim um Vatnahjallann.

Haldnir voru 9 almennir fundir á árinu og 5 stjórnar-



fundir. Unglingadeildin hélt 7 fundi og svo voru haldnir 3 undirbúningsfundir fyrir landsæfingu og björgunarleika. Einn svæðisstjórnarfundur var haldinn í Bangsabúð. Auk þess voru haldin 2 vinnukvöld á árinu.

Sleðadeildin fór í nokkrar æfingafærðir síðastliðinn vetur

Helgi og Pétur fóru í fylgd Villa úr Björgunarsveitinni á Dalvík um Tröllaskaga. Farið var upp af Lágheiði inn Skagann um hin og þessi skörð og komið við í sæluhúsinu á Heljardalsheiði. Haldið var eins langt og snjór leyfði í átt að Tungnahryggsjökli áður en haldið var heim. Góð ferð og fræðandi og viljum við þakka Vilhelm fyrir leiðsögnina.

Um hvítasunnuna var farinn stuttur túr í Laugafell. Farið var upp Vatnahjallann um Bergland og inn í Laugafell. Þar var auðvitað farið í laugina áður en menn héldu hreinir og endurnærðir heim.

Þar að auki voru farnar nokkrar styttri ferðir á svæðinu.



Pétur og Kristján(Bubbi) við Laugafell.



Brosa og veifa strákar, bara brosa og veifa.

*Sendum viðskipavinum okkar
óskir um heillaríkt nýtt ár*



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



Skeljungur hf.

Oddeyrarskála - Sími 444 3161





Elmar og Hafdís ásamt krökkum á Krummakoti með nýju endurskinsmerkin sín.

Forvarnir

Félagar í Dalbjörg gera ýmislegt á hverju ári til að efla forvarnir. Fyrst ber að nefna hina árlegu eldvarnaryfirferð okkar um sveitina, en í ár var hún farin í seinni hluta nóvember. Þá förum við á öll heimili í sveitinni, athug- uðum eldvarnir á heimilum og buðum rafhlöður í reyk- skynjara til sölu. Einnig er hægt að panta sjúkrabúnað, slökkvitæki og eldvarnarteppi hjá okkur. Í ár var einnig gerð könnun meðal bænda um eldvarnir í útihúsum. Í ljós kom að á nær öllum bæjum er þörf á eldvarnarkerfi sem þolir aðstæður í útihúsum og að næstum allir bændur hafa áhuga á að athuga með slíkt kerfi.

Í október förum við í Hrafnagilsskóla og leikskólann Krummakot og gáfum nemendum endurskinsmerki frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg, og brýndum fyrir þeim hve mikilvæg endurskinsmerkjanotkun er. Í desember byrjar svo flugeldasalan okkar og viljum við minna fólk á öryggi við meðhöndlun flugelda. Nauðsynlegt er að allir séu með flugeldagleraugu þegar skotið er upp, og brýna þarf fyrir börnum að flugeldar eru alls ekki til að fíka með þá.

Sunna Axelsdóttir.



*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt nýtt ár*



Þar sem tryggingar
snúast um fólk

UMBOÐ - GLERÁRGÖTU 24
600 - AKUREYRI - SÍMI 560 5360



Haustferð Dalbjargar

Helgina 5.-7. október var hin árlega haustferð Dalbjargar farin. Mæting var í Leirunesti um klukkan fimm þar sem fólk raðaði sér í bílana, sem samtals voru átta. Haldið var af stað og stefnan sett á Mývatn þar sem við stoppuðum til að fylla á tankana, en þaðan fórum við upp á hálandið.

Ferðin upp á Herðubreiðalindir var löng og hossótt en við komumst þangað á endanum. Þegar við komum að Herðubreiðarlindum ákváðum við að halda frekar áfram og gista báðar næturnar í Dreka. Það voru aðrar 40 mínútur af hrossum og beygjum.

Loksins vorum við komin í Dreka eftir 5 klukkustunda akstur. Farangrinum var hent inn og fólk kom sér fyrir. Hita var komið í skálann og borðað var nesti í kvöldmatinn. Flestir fóru eftir þeirri reglu að maður skyldi koma með mat fyrir auka tvo daga, ef eitthvað skyldi koma upp á og þess vegna voru flestir vel stæðir með mat.

Spilað var síðan seinna um kvöldið og sungið með glænýtt sönghefti sem var sérstaklega gert fyrir ferðina. Farið seint að sofa.

Næsta dag var farið á fætur í kringum 10 og borðaður

morgunverður. Þeir sem vildu gengu upp í Drekaegg sem var rétt fyrir utan skálann. Flestir ákváðu að ganga inn í gilið með Kristján í fararbroddi. Stuttu eftir að göngugarparnir komu aftur í kofann var ákveðið að fara í jeppaferð.

Keyrður var stór hringur í átt að Dyngjujökli og heim aftur. Í bílnum deildu eldri sveitameðlimir reynslu sinni og kunnáttu með því að kenna þeim yngri á valin tæki í sjúkratöskunni, t.d. að mæla blóðþrýsting, púls og sykurmagn. Á heimleiðinni stoppuðum við í Nautagili en þar, að sögn Péturs, gengur aftur eitt stórt bandbrjáláð nau. Það gæti líka verið að hann hafi verið að ýkja. Við gengum inn gilið og farið var í hressandi snjókast og margar góðar myndir teknar. Allir voru hálf þreyttir þegar komið var aftur í Dreka og fóru margir að spila. Nokkrir höfðu tekið með sér rafmagnsbíla og voru að leika sér með þá úti en sá leikur kostaði líka lagfæringar á bílunum langt fram á nótt.

Um kvöldið var grillað lambalæri handa öllum hópnum og elduð sveppasósa sem sló í gegn meðal félaga. Frábærir kokkar! Eftir yndislega máltíð var gengið frá og



Í bliðunni við Öskjuvatn.





Komin inn að fossi í botni Drekgjils.

komið að skemmtinefndinni að koma með skemmtilega leiki. Við getum sagt að skemmtinefndin hafi staðið fyrir sínu þar sem allir ultu um að hlátri þegar gamanið stóð sem hæst. Aftur var sungið mikið og spilað þetta kvöld og var þetta hin besta skemmtun. Fólk fór misjafnlega seint að sofa en sumir vöktu fram á rauða nótt.

Um morguninn var borðaður góður morgunmatur og ferðinni haldið að Öskju. Það gengum við að Öskjuvatni en sumir svindluðu og skutluðust á jeppunum sínum og ennþá færri gengu til baka.

Síðan var haldið heim á leið. Glæsilegt veður var á heimleiðinni og stoppuðum við meðal annars til þess að skoða Jökulsána. Á heimleiðinni átti sér líka stað sá merkilegi atburður að fyrsti fullbúni hjálparsvéitarjeppi Dalbjarg-ar, Toyota Land Cruiser, var keyrður 100.000 km! Rétt áður en við komum á malbikið var sett loft í dekkinn og svo brunað heim. Því miður gafst ekki tími til að fara í Jarðböðin eins og var á áætluninni en við getum samt öll verið sammála um það að þetta var æðisleg ferð og það að allir hlakka til næstu ferðar!

Sonja Dögg og Linda Brá.



Hópurinn á leið upp Nautagil.


vörður
tryggingar hf.

 S T Í L L





Fjáraflanir

Um áramótin vorum við með flugeldasölu í Hrafnagilsskóla eins og venjulega. Við tókum að okkur ýmis gæslustörf á árinu, á þorablóti í janúar og á Söngkeppni framhaldsskólanna í Íþróttahöllinni. Einnig unnum við í gæslu á Handverkshátíðinni í Hrafnagilsskóla og tjaldsvæðum um sumarið og á kabarett um haustið. Í desember var svo hin árlega bílastæðagæsla á Glerártorgi. Við leigðum líka út tjaldið okkar tvisv-

ar í sumar og hjálpuðum til við að setja það upp. Farið var með heyrúllur fyrir hestamenn upp á hálandið og aðstoðað við lagfæringar í Funaborg. Í Garði var aðstoðað við byggingu á fjósi og svo var unnið í útstungu á Grund. Í nóvember fórum við hina árlegu reykskynjarayfirferð um sveitina sem gekk mjög vel. Nú er aftur komið að flugeldasölu okkar í Hrafnagilsskóla og hvetjum við ykkur til að koma og styrkja okkur.

Betri tryggingar fyrir björgunarsveitir

Þann 11. júní var undirritaður samningur á milli Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og Sjóvá um váttryggingar, forvarnir og markaðsmál. Með þessu er Sjóvá orðinn einn af aðalstyrktaraðilum SL og mikill metnaður er hjá þeim að styðja vel við starf björgunarsveita. Samningurinn nær yfir öll váttryggingaviðskipti, svo sem húseignir, bíla og

einnig er inni í þessu sérstök slysatrygging fyrir björgunarfólk. Tryggingin gildir líka fyrir unglिंगadeildir samtakanna.

Þetta er auðvitað mjög gott framtak og gott að vita að bæði mannskapur og búnaður er vel tryggður í starfi.



Bestu jóla- og nýárskveðjur



INGVAR HELGASON



Tækja- og búnaðarlistar

Svæðisstjórn á svæði 11 ákvað að láta gera tækja og búnaðar-lista fyrir björgunarsveitirnar á svæðinu. Með þessum upplýsingum á svæðisstjórn mun auðveldara með að skilgreina og nýta þann búnað sem björgunarsveitirnar eiga.

Við höfum nú þegar skilað svæðisstjórninni þessum listum yfir bílana okkar tvo, báða sleðana, snjóbilinn, rústabjörgunarkerruna og slökkvikerru sem er í okkar umsjón.



Kallmerki: Dalbjörg 1
Árg.: 1996 (RP-944)
Farþegar: 4. 1 börur
Dekkjastærð: S 38" ,V 38"
Dana hásing: læstur A og F
Fjarskipti: WHF, Tetra handstöð (bílstöð væntanleg) SSB stöð.
Símanúmer: NMT 852-2453
GPS: Garmin 292 map C
Fartölva: Kortagrunnur Nobeltek
Spil: 9000 lb.
Leitarljós: fjarstýrt á toppi.
Olíubirgðir: 220 lítrar
Loftdæla
Annað: Drullutjakkur, skófla, álkarl, dráttartóg, blökk, aukavír, verkfærataska, vöðlur.
Klifurtaska er aukabúnaður

Sjúkrabúnaður

Á toppi

Skel, bakbretti m/ólum, natobörur, 2 hálskragar, 4 aluformspelkur, líkpoki, segl, 5 teppi.

Sjúkrataska (bakpoki)

Súrefniskútur 400 L. 02, gleraugu, maski m/sarp, pocketmaski, kokrennur.

Almennt

Mettunar/púlsmælir, sykurmælir, hitamælir, blóðþrýstingsmælir, pennaljós, skæri, flísatöng, burnfree, plástrar, umbúðir og teygjubindi, augnskol, SAM spelkur, þvagflaska, ælupokar, nálabox.

Lyf

Paratabs (verkjatöflur), voltaren (bólqueyðandi), koffínatín (bílveiki/ógleði/ofnæmi), hypostopp (við lágum sykri), NACL (saltvatn), Burnfreekrem.

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár!*



TRÉBORG



www.dalbjorg.is

Björgunarsveitin var að taka í notkun nýja og glæsilega heimasíðu sem Stefna ehf. á Akureyri setti upp fyrir okkur. Þar er hægt að fylgjast með fréttum úr starfinu, skoða myndasöfn og það sem er á döfnni hjá okkur. Þar að auki erum við búin að safna saman á einn stað upplýsingum sem nauðsynlegt er að hafa áður en lagt er af stað í ferð, s.s. vefmyndavélar, veðurtengla, færð á vegum og annað. Auk þess erum við að vinna yfirferðarlista sem nýtast mun björgunarsveitarmönnum og öðrum ferðalöngum. Listar fyrir búnað í skyndihjálpartösku, klæðnaður björgunar- og útivistarmanna eru komnir og listar fyrir sleðann, sleðamenn og jeppann eru væntanlegir.

Við hvetjum alla til að fylgjast með starfinu okkar og nýta sér þær upplýsingar sem www.dalbjorg.is hefur að geyma.



Róbert, Linda og Sonja.



Sá vondi og sá góði.



Smári, Viðar, Halli og Snorri.



Dalbjörg

þakkar veittan stuðning

ÁSBYRGI - *flóra*

Frostagötu 2a, 603 Akureyri. Sími 462 3280 & 461 1155.



SAMHERJI HF

Ekran

B **BLIKKRÁS EHF**
ÓSEYRI 16 • 603 AKUREYRI



BÍLVIRKI hf.



VÉLSMÍÐJAN ÁSVERK



KARL K. KARLSSON


brimborg
akureyri

SPORTVER

 **STRAUMRÁS**

Furuvöllum 3 · 600 Akureyri

Sími.: 461 2288 · Netfang: straumras@nett.is

Vélaborg ehf

**SANDBLÁSTUR
MÁLHÚÐUN**
AKUREYRI

☎ 460 1500

 **Ellingsen**
- fullt hús arslóttjóna



 **Marmot**[®]
FOR LIFE

 **Black Diamond**[™]

skara framúr



Leiksvæði: Katlakinn-Ísland

www.fjallakofinn.is


FJALLAKOFINN

Reykjavíkurvegi 64 • 220 Hafnarfirði • sími 510 9505